



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. febrúar 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins og hófst kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Jafnlaunavottun – tilboð

Fyrir fundinum lágu tvö tilboð vegna jafnlaunavottunar sveitarfélagsins. Annars vegar frá Versa vottun og hins vegar frá iCert sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Var sveitarstjóra falið að undirrita samning við iCert.

#### 3. Gatnagerðargjöld

Svohljóðandi tillaga um gatnagerðargjald lá fyrir fundinum:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að fella niður gatnagerðargjöld af eftirfarandi einbýlishúsalóðum við þegar tilbúnar götur í sveitarfélaginu þannig að veittur verði afsláttur allra gatnagerðargjalda vegna bygginga á lóðunum til tveggja ára sbr. sérstaka lækkunarheimild í 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Þær lóðir sem um ræðir eru:

- Bogabraut – ein lóð norðan götu nr: 25.
- Suðurvegur – þrjár lóðir austan götu nr: 5,7 og 11
- Sunnuvegur – tvær lóðir vestan götu nr: 10 og 12
- Oddagata – ein lóð austan götu nr: 3.
- Hólanesvegur – ein lóð vestan götu nr: 6.
- Skagavegur – ein lóð austan götu, nr: 4.
- Bankastræti – ein lóð sunnan götu nr. 5.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

#### 4. Samningur um rekstur Tónlistarskóla A-Hún

Fyrir fundinum lágu drög að þjónustusamningi við Húnabyggð vegna reksturs Tónlistarskóla A-Hún til samþykktar, en Sveitarfélagið Skagaströnd tók við rekstri tónlistarskólans um áramót. Var samningurinn borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 5. Breytingar á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó

Fyrir fundinum lágu kynning og fundargerð vegna kynningarfundar Vegagerðarinnar með hagaðilum vegna endurhönnunar á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó en fundurinn fór fram 22. janúar sl. Í kynningunni eru farið yfir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó. Sveitarstjórn fagnar þeim breytingum sem áformaðar eru á leið 57 þess efnis að akstri inn á Akranes verði hætt. Hins vegar er fækkun ferða leiðar 57 úr tveimur á dag í eina óásættanleg og til þess fallin að enn færri geta nýtt sér almennings-samgöngur í landshlutanum. Að síðustu eru það vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir innansvæðisleið á Norðurlandi vestra (Hvammstangi-Blönduós-Sauðárkrókur) einkum þegar eitt markmiða endurskoðunarinnar var að tengja saman atvinnusóknarsvæði innan landshluta. Á fundinum kom fram að þessi leið hafi verið kynnt fyrir ráðuneytinu og vilji Vegagerðarinnar standi til þess að koma henni á en fjárhagsrammi verkefnisins hafi ekki leyft það.

Skorar sveitarstjórn á Vegagerðina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að taka málið til skoðunar að nýju, fjölga leiðum um svæðið og keyra leið 57 áfram tvisvar sinnum á dag. Var sveitarstjóra falið að koma framangreindum athugasemdum á framfæri við Vegagerðina og ráðuneytið.

## 6. Bréf

### a. Golfklúbbur Skagastrandar dags. 22. nóvember 2024

#### Efni: Rekstrarstyrkur

Fyrir fundinum lá erindi Golfklúbbs Skagastrandar þar sem óskað er eftir því endurnýjaður verði samningur við golfklúbbinn um rekstrarstyrk og gerður verði samningur til þriggja ára. Núverandi samningur rann út 2024. Erindið var tekið til afgreiðslu við vinnslu fjárhagsáætlunar 2025 en láðist að taka það fyrir á desemberfundi sveitarstjórnar. Var sveitarstjóra falið að vinna nýjan samning við Golfklúbbinn miðað við þær forsendur sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

### b. Matvælaráðuneytið dags. 22. janúar 2025

#### Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025

Fyrir fundinum lá erindi Matvælaráðuneytisins þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Sveitarfélagið Skagaströnd mótmælir harðlega niðurstöðum úthlutunar byggðakvóta til byggðarlaga 2024/25. Niðurstaða ráðuneytisins var að úthluta Skagaströnd 55 þorskígildistonn sem er skerðing upp á 115 tonn á milli ára. Sveitarfélagið hvetur ráðherra til að endurskoða þau lög og reglur sem gilda um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga með það í huga að styrkja stöðu smærri byggða sem byggt hafa afkomu sína á sjósókn og vinnslu sjávarafurða og mæta þannig yfirlýstum tilgangi regluverksins.

Sveitarstjóri hefur óskað eftir fundi með ráðherra til þess að koma sjónarmiðum sveitarfélagsins á framfæri.

### c. Miðstöð slysavarna barna dags. 27. janúar 2025

#### Efni: Styrkbeiðni

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna miðstöðvar slysavarna barna til þess að gera fræðslumyndband fyrir foreldra. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.



## 7. Fundargerðir:

- a. Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 7. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Stjórn SSNV dags. 21. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Stjórn SSNV dags. 4. febrúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 17. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 6. desember 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 24. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- g. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13. desember 2024**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- h. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- i. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 22. janúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- j. Fagraðs í málefnum fatlaðs fólks á NV dags. 3. febrúar 2025**  
Fundargerð lögð fram til kynningar.

## 7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:24